

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsbæjar á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

Sunnubraut 48. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkt þann 10. ágúst 2006 tillögu að deiliskipulagi Sunnubrautar 48.

Í breytingunni felst að einbýlishús verður tvíbýlishús. Jafnframt eru gerðar eftirfarandi breytingar á húsinu:

- á austurhlíð er steyppt upp í bílskúrshurðarop og settur nýr gluggi
- anddyri á sömu hlið færast út og stækkar; grunnflötur neðri hæðar stækkar sem því nemur
- inngangur á vesturhlíð verður aðalinngangur íbúðar efri hæðar.

Þar sem aukaíbúð kallar á aukabílastæði, verður tveimur bílastæðum bætt við á lóð vestan húss og aðkoma að inngangi í tengslum við það.

Tillagan var lögð fram og samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 23. maí 2006 og skipulagsstjóra falið að auglýsa hana í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Tillagan var auglýst frá 13. júní til 11. júlí 2006 með athugasemdafresti til 25. júlí 2006. Ábending barst. Tillagan var lögð fram að nýju í skipulagsnefnd 1. ágúst 2006 ásamt framkominni ábendingu og samþykkt, enda verði frágangur á vesturmörkum lóðarinnar unninn í samráði við lóðarhafa Sunnubrautar 50 og vísaði erindinu til afgreiðslu bæjarráðs.

Með tilvísan í ofangreinda afgreiðslu skipulagsnefndar samþykkti bæjarráð þann 10. ágúst 2006 framlagða tillögu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 15. janúar 2007.

Smári Smáráson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 19. janúar 2007